

Frá fjárhagsnefnd

Fjárhagsnefnd leggur til að stjórn FG láti óháðan sérfræðiaðila gera úttekt á rekstri og skipulagi FG. Markmið með úttektinni er að leita leiða til að nýta fjármuni sem best og að starfsemi félagsins skili sem mestum árangri.

Greinagerð

Rekstur félags á borð við FG þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Starfsemi þess þarf að þróast og breytast í takt við tímann. Félagsmenn eiga rétt á góðri þjónustu fyrir þá fjármuni sem þeir inna af hendi í stéttarafélagið sitt. Þeir eiga líka rétt á upplýsingum um hvernig þessum fjármunum er varið. Skapa þarf starfsmönnum félagsins sem bestar forsendur í starfi sínu. Úttekt af þessu tagi ætti að nýtast öllum aðilum þannig að starf félagsins verði sem best og árangursríkast.